


Alþingi
Erindi nr. P 127/255
komudagur 28.11.2001
127/255



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

26. nóvember 2001

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dagsett 9. nóvember 2001, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um Lífeyrissjóð sjómanna, 10. mál. Hér með fylgir umbeðin umsögn

Virðingarfyllst,

Þórður Friðjónsson,
forstjóri

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1999, um
Lífeyrissjóð sjómanna. 10. mál, iðgjöld.**

Það er mikilvægt að lífeyrissjóðir séu fjárhagslega ábyrgir og leiti leiða til að minnka útgjöld sín eða auka tekjur þegar ljóst er að skuldbindingar þeirra eru umfram væntar framtíðartekjur.

Að mati Þjóðhagsstofnunar eru ekki til staðar almennar efnahagslegar forsendur til að meta hvort skynsamlegra sé að skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna eða hækka iðgjöld til sjóðsins, eða hvernig hækkun iðgjalda skuli skipt á milli launþegans og launagreiðandans.